

## REGLUR

### um breytingu á reglum um gjaldeyrisjöfnuð nr. 950/2010.

#### 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I fellur niður og í stað þess kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða I sem skal vera svohljóðandi:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

##### I.

Vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa í kjölfar falls íslenska bankakerfisins haustið 2008, getur Seðlabanki Íslands veitt fjármálafyrirtækjum tímabundna heimild til að hafa sérstakan jákvæðan eða neikvæðan gjaldeyrisjöfnuð, sé þess brýn þörf. Slík tímabundin heimild skal að hámarki gilda til þriggja mánaða í senn. Fjármálafyrirtæki skal tilgreina ástæðu þess að það uppfylli ekki ákvæði reglna þessara og leggja til grundvallar umsókn sinni tímasetta áætlun um hvernig það hyggst ná gjaldeyrisjöfnuði sem uppfyllir skilyrði reglnanna, þ.m.t. greinargóða lýsingu á því til hvaða aðgerða það hyggst grípa.

Bráðabirgðaákvæði þetta fellur úr gildi þann 1. janúar 2015 sem og allar undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt því.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, taka gildi 1. janúar 2014.

Reykjavík, 18. desember 2013.

*Seðlabanki Íslands,*

**Arnór Sighvatsson**  
aðstoðarseðlabankastjóri.

**Sigríður Benediktsdóttir**  
framkvæmdastjóri.